

Nd.

319. Frumvarp til laga

[130. mál]

um Tunnuverksmiðjur ríkisins.

Flm.: Einar Ingimundarson, Jónas Rafnar.

1. gr.

Tunnuverksmiðjur skulu starfræktar á Akureyri og Siglufirði. Skulu verksmiðjurnar vera eign ríkissjóðs, en reknar sem sjálfstætt fyrirtæki með sérstöku reikningshaldi, en á ábyrgð ríkissjóðs.

Stofnunin heitir Tunnuverksmiðjur ríkisins.

2. gr.

Tunnuverksmiðjur ríkisins skulu hafa það verkefni að smíða tunnur undir síld og aðrar vörur, sem búa þarf um í tunnum til útflutnings eða sölu innanlands. Skal stefnt að því, að hér á landi verði smíðaðar allar þær tunnur, sem íslenskir síldarframleiðendur þurfa að nota undir framleiðslu sína, að svo miklu leyti sem innflutningur á síldartunnum kann ekki að vera sammingsbundinn við önnur ríki.

3. gr.

Vanda skulu Tunnuverksmiðjur ríkisins framleiðsluvöru sína, svo að hún verði samkeppnisfær við erlenda vöru sömu tegundar um gæði. Tunnur, sem smíðaðar eru í Tunnuverksmiðjum ríkisins, skulu seldar síldarframleiðendum hvar sem er á landinu, komnar í viðkomandi söltunarhöfn, á samkeppnisfæru verði við norskar tunnur fob., miðað við venjuleg flutningsgjöld á hverjum tíma. Mismunur verðs, sem kann að verða á hverjum tíma á tunnum smíðuðum í Tunnuverksmiðjum ríkisins og norskum tunnum, greiðist úr ríkissjóði.

4. gr.

Síldarútvegsnefnd, sbr. lög nr. 74/1934, skal hafa á hendi stjórn Tunnuverksmiðja ríkisins, og hefur skrifstofa nefndarinnar og framkvæmdastjórar hennar með höndum fjármál verksmiðjanna og reikningshald, sjá um kaup á efni til þeirra og sölu á framleiðsluvörum þeirra, eftir því sem nefndin felur þeim.

Framkvæmdastjórar síldarútvegsnefndar hafa og með höndum ráðningu starfsmanna til verksmiðjanna í samráði við nefndina.

Að öðru leyti ákveður síldarútvegsnefnd í samráði við atvinnumálaráðherra, á hvern hátt tunnuverksmiðjunum skuli stjórnað.

5. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

6. gr.

Með lögum þessum eru felld úr gildi lög nr. 33 23. apríl 1946, um tunnusmiði, og lög nr. 41 9. maí 1947, um breyting á þeim lögum.

Greinargerð.

Lög um tunnusmiði voru sett vorið 1946 (nr. 33 23. apríl 1946), og fólust í þeim lögum aðeins ákvæði um stofnun tunnoverksmiðja ríkisins. Reglugerð um tunnoverksmiðjur ríkisins var sett haustið 1946 (nr. 180/1946). Er reglugerð þessi, sem tunnoverksmiðjurnar hafa verið og eru enn reknar eftir, allýtarleg, og eru þar að sumu leyti svipuð ákvæði og í frumvarpi þessu felast um verkefni tunnoverksmiðjanna o. fl. Bæði í lögnum um tunnusmiði og reglugerðinni um tunnoverksmiðjur ríkisins er gert ráð fyrir, að þriggja manna stjórn, skipuð af atvinnumálaráðherra, svo og framkvæmdastjóri hafi með höndum stjórn tunnoverksmiðjanna, en með lögum nr. 41 9. maí 1947 var þessu breytt þannig, að sildarútvegsnefnd skyldi fara með stjórn verksmiðjanna, og þykir ekki ástæða til að breyta því ákvæði í frumvarpi þessu.

Tunnoverksmiðjur ríkisins hafa síðan árið 1947 verið reknar á Siglufirði og Akureyri, ein verksmiðja á hvorum stað. Hefur tunnusmiðin hafizt eftir áramót ár hvert og staðið fram eftir vetri eða nokkuð fram á vor eftir því, hve mikið hefur verið smíðað af tunnnum þann og þann veturinn. Tunnusmiðin hefur undanfarna vetur veitt fjölda manns atvinnu, bæði á Siglufirði og á Akureyri, og hefur a. m. k. tunnoverksmiðjan á Siglufirði verið eina stórfyrirtækið, sem hingað til hefur veitt verkamönnum atvinnu á þeim tíma árs, sem hún er rekin, einmitt á þeim tíma, þegar erfiðast er um atvinnuöflun í báðum þessum kaupstöðum, enda er kunnugt, að geigvænlegt atvinnuleysi hefur á báðum þessum stöðum komið hart niður á verkamönnum, aðallega á veturna. Er það því höfuðnaðsyn fyrir atvinnulífið í fyrrnefndum kaupstöðum, að tunnusmiði sé þar rekin í sem stærstum stíl.

Tunnur þær, sem tunnoverksmiðjur ríkisins hafa framleitt, síðan þær tóku til starfa, hafa reynzt vel og þótt í flestum eða öllum tilfellum standa tunnnum smíðuðum erlendis fyllilega á sporði um gæði. Hins vegar hafa þær orðið nokkru dýrari en erlendar tunnur, aðallega vegna flutningskostnaðar, en einnig að nokkru leyti vegna ódýrara vinnuafis erlendis.

Sumum kann e. t. v. að finnast sem það sé að bera í bakkafullan lækinn að leggja til, að horfið verið að niðurgreiðslu á verði tunna, sem smíðaðar eru hér innanlands, til þess að gera þær samkeppnisfærar um verð við erlendar tunnur, en flutningsmenn frumvarps þessa leggja til, að slík niðurgreiðsla verði upp tekin, ef þess gerist þörf. Því er til að svara, að flutningsmenn frumvarpsins gera sér fyllilega ljóst, að hér yrði með slíkri tunnusmiði um atvinnubótavinnu að ræða a. m. k. að nokkru leyti í tveim stærstu kaupstöðum norðanlands, sem átt hafa við geigvænlegt atvinnuleysi að stríða mörg undanfarin ár.

Verðnismunur á tunnnum, smíðuðum í tunnoverksmiðjum ríkisins, og norskum tunnnum er nú um 8 krónur á hverja tunnu. Sé gert ráð fyrir, að smíðaðar yrðu hér á landi um 250 þús. tunnur, sem að mestu leyti eða öllu mundi fullnægja eftirspurn héraðs sildarframleiðenda, miðað við sildarsöltun undanfarin ár, mundu niðurgreiðslur úr ríkissjóði nema um 2 millj. kr. á þennan tunnufjölda. Er það að visu allhá upphæð, en minna má á það, að niðurgreiðslur úr ríkissjóði á innlendar landbúnaðarafurðir eru áætlaðar á fjárlagafrumvarpi þessa árs 45900000 kr. Er þetta ekki sagt hér vegna þess, að flutningsmenn þessa frumvarps séu andvígir niðurgreiðslum á innlendum landbúnaðarafurðum.

Einnig má nefna það hér, að það er síður en svo heppilegt fyrir okkur Íslendinga og getur hvenær sem er leitt til vandræða að vera Norðmönnum og Svíum, sem franleiða góðar og ódýrar síldartunnur, um of háðir um innflutning þessarar vöru. Hefur komið fyrir, að Norðmenn hafa beinlínis neitað að selja okkur tunnur nema

gegn fráleitum skilyrðum, og Svíar sýnt mikla tregðu á slíkri sölu. Telja því flutningsmenn þessa frumvarps felast í því öryggi fyrir þá, sem stunda sildarsöltun hér á landi, sem telja má a. m. k. eins og nú standa sakir eina þýðingarmestu atvinnugrein okkar Íslendinga, að þurfa ekki að vera háðir erlendum keppinautum um öflun þess, sem er eins mikilvægt að afla eins og hráefnið sjálft.

Tilgangur flutningsmanna þessa frumvarps er aðallega ferns konar:

- 1) að fá það lögfest, svo að ekki verði um villzt, að stefna beri að því, m. a. af öryggisástæðum, að smíða hér á landi allar þær tunnur, sem íslenskir sildarframleiðendur þurfa að nota undir framleiðslu sína, að svo miklu leyti sem tunnunnflutningur er ekki samningsbundinn við önnur ríki;
- 2) að gera tunnur, smíðaðar hér á landi, samkeppnisfærar við erlendar tunnur sams konar, bæði hvað gæði snertir og verð;
- 3) að stuðla að sparnaði erlends gjaldeyris með því að skapa skilyrði til, að inn í landið verði aðeins flutt efni til tunnugerðar, en ekki fullunnar tunnur; og loks síðast en ekki sízt
- 4) að stuðla að því með aukinni tunnusmiði innanlands að bæta atvinnuástandið á þeim stöðum, þar sem tunnuverksmiðjurnar eru nú reknar, og er engin vanþörf á því eins og nú horfir í atvinnumálum þeirra staða.